# REIKNINGUR

**Bjargráðasjóðs fyrir árið 2007.**

## Sameinaður rekstrarreikningur

| | kr. |
|---|---|
| **Fjármunatekjur:** | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 83.083.667 |
| Fjármunatekjur alls | 83.083.667 |
| **Fjármagnsgjöld:** | |
| Vaxtagjöld | 0 |
| Fjármagnsgjöld alls | 0 |
| Hreinar fjármunatekjur | 83.083.667 |
| **Aðrar tekjur:** | |
| Framlag sveitarfélaga | 40.530.799 |
| Framlag ríkissjóðs | 10.000.000 |
| Búnaðargjald | 27.351.600 |
| Aðrar tekjur alls | 77.882.399 |
| Tekjur alls | 160.966.066 |
| **Styrkveitingar:** | |
| Styrkir | 58.831.193 |
| Styrkveitingar alls | 58.831.193 |
| Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld | 102.134.873 |
| **Rekstrargjöld:** | |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 12.839.543 |
| Sérkostnaður | 8.098.952 |
| Afskriftir | 512.412 |
| Rekstrargjöld alls | 21.450.907 |
| Hagnaður fyrir skatta | 80.683.966 |
| Fjármagnstekjuskattur | 8.308.364 |
| Tekjur umfram gjöld | 72.375.602 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2007

### Eignir

| | |
|---|---|
| **Fastafjármunir:** | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | **kr.** |
| Fasteignir | 23.827.147 |
| Fastafjármunir alls | 23.827.147 |
| | |
| **Veltufjármunir:** | |
| **Skammtímakröfur:** | |
| Óinnheimtar tekjur | 0 |
| Skammtímakröfur alls | 0 |
| | |
| **Handbært fé:** | |
| Bankainnstæður | 688.655.550 |
| | 688.655.550 |
| | |
| Veltufjármunir alls | 688.655.550 |
| | |
| Eignir samtals | 712.482.697 |

### Eigið fé og skuldir

| | |
|---|---|
| **Eigið fé:** | |
| Óráðstafað eigið fé | 659.305.514 |
| Eigið fé alls | 659.305.514 |
| | |
| **Skuldbindingar:** | |
| Lífeyrisskuldbinding | 50.670.000 |
| | |
| **Skammtímaskuldir:** | |
| Viðskiptaskuldir | 2.507.183 |
| Ógreiddir samþykktir styrkir | 0 |
| Skammtímaskuldir alls | 2.507.183 |
| | |
| Skuldir og skuldbindingar alls | 53.177.183 |
| | |
| Skuldir og eigið fé samtals | 712.482.697 |

## Sjóðstreymi

| | |
|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri:** | **kr.** |
| Tekjur umfram gjöld | 72.375.602 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | |
| Afskriftir fastafjármuna | 512.412 |
| Eftirlaunaskuldbinding ársins | 2.808.000 |
| Veltufé frá rekstri | 75.696.014 |

| **Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | **kr.** |
|---|---|
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | 11.367.026 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 1.542.800 |
| Handbært fé frá rekstri | 88.605.840 |
| Hækkun á handbæru fé | 88.605.840 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 600.049.710 |
| Handbært fé í árslok | 688.655.550 |

## Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Bjargráðasjóðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2007. Haldnir voru 4 stjórnarfundir. Skrifstofuhald er sameiginlegt með Lánasjóði sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eins og verið hefur mörg undanfarin ár. Samkvæmt samstarfssamningi er þátttaka Bjargráðasjóðs í sameiginlegum kostnaði á árinu 2007 kr. 12.839.543.

Innborgað búnaðargjald á árinu 2007 nam kr. 27.351.600 en var kr. 28.138.126 á árinu 2006.

Á árinu 2007 voru tekjur sjóðsins umfram gjöld kr. 72.375.602. Alls voru samþykktir styrkir að fjárhæð kr. 58.831.193.

Eigið fé í árslok nemur 659,3 milljónum króna á móti 586,9 milljónum árið áður og hefur því hækkað um 72,4 milljónir á árinu eða um 12,3%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. mars 2008.

**Sesselja Árnadóttir.**

**Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir.** **Guðbjartur Gunnarsson.**

**Hörður Harðarson.** **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.**

*Þórður Skúlason*
framkvæmdastjóri.

## Áritun óháðs endurskoðanda

*Til stjórnar Bjargráðasjóðs.*

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.*

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

*Ábyrgð endurskoðenda.*

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit.*

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Reykjavík, 6. mars 2008.

*Deloitte hf.*

Björg Sigurðardóttir endurskoðandi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2008